

Efni: Gangbrautarljós á Austurvegi

15.04.2026

Þann 20.02.2026 barst tölvupostur frá Svani Bjarnasyni svæðisstjóra suðursvæðis hjá Vegagerðinni þess efnis að tillaga hafi borist innan þeirra raða um að setja upp gangbrautarljós á Austurveginum á Selfossi n.t.t við gönguþverun til móst við Krónuna og Ráðhús Árborgar.



Þekkt er sú hættu sem er á þessari gönguþverun og eru skráð slys sem og næstum því slys þarna einhver í gegnum tíðina. Við útfærslu á gangbrautarljósum þyrfti að skoða nánar hvernig stillingum slíkra ljósa yrði háttað til að tryggja umferðarflæði sem og öryggi gangandi vegfarenda.

Vegagerðin mun sjá um alla framkvæmdina og sveitarfélagið einungis að greiða sinn hlut samkvæmt Leiðbeiningum um kostnaðarskiptinu LEI-2001 kafli 5.2

5.2 Þverun gangbrautar/hjólareiðabrautar í plani

Þar sem gangbraut/hjólareiðabraut þverar þjóðveg í sama plani teljast merkingar á akbraut og umferðarmerki til vegagerðarkostnaðar. Skilti og annað sem tengist gangbraut/hjólareiðabraut telst til kostnaðar sveitarfélags. Kostnaður við hjóla- og gangbrautarljós skiptist jafnt milli sveitarfélags og Vegagerðarinnar.

Frumkostnaðaráætlun er um 15.000.000 kr. og hlutur sveitarfélagsins 50%. Gera þarf því ráð fyrir viðauka í fjárhagsáætlun vegna þessa verkefnis fái það brautargengi.